

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Þá er og heimilt á grundvelli 20. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

1. apríl 1996

Nr. 189

REGLUGERÐ**um veiðar á úthafskarfa 1996.**

1. gr.

Allar veiðar íslenskra skipa á úthafskarfa eru háðar sérstöku veiðileyfi Fiskistofu.

Leyfi til veiða á úthafskarfa tekur til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og á alþjóðlegu hafsvæði suðvestur af landinu. Einungis skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, er þó heimilt að stunda veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á árinu 1996 er íslenskum skipum heimilt að landa 45 þúsund lestum af úthafskarfa.

3. gr.

Auk tilkynninga til Fiskistofu í lok veiðiferðar samkvæmt reglugerð nr. 618/1994, um vigtun sjávarafla, skal skipstjóri veiðiskips tilkynna vikulega til Fiskistofu um áætlaðan afla um borð í skipinu.

Fiskistofu er heimilt að ákveða að tilkynningar um afla um borð í veiðiskipi skuli senda daglega þegar heildarafli íslenskra skipa nálgast 45 þúsund lestir. Skal Fiskistofa tilkynna með þriggja daga fyrirvara hver sé síðasti leyfilegi veiðidagur.

4. gr.

Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávarafla.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Þá er og heimilt á grundvelli 20. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til veiða á úthafskarfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Fræðslusjóð brunamála
nr. 138/1993, sbr. reglugerð nr. 471/1995.**

1. gr.

Í stað orðanna „á síðari hluta ársins 1995“ í ákvæði til bráðabirgða kemur: á fyrri hluta ársins 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um (5.) breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi
vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. nr. 680/1994
og breytingu með rg. nr. 702/1995.**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 680/1994 um breytingu á rg. nr. 32/1990 bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Kaup svínaframleiðenda á fóðurkorni (heilbyggi og/eða öðrum innfluttum korntegundum) skulu þó margfölduð með stuðlinum 1,17.